

Sþ. 122. Tillaga til þingsályktunar

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán fyrir Húsavíkurhrepp til að endurnýja rafveitukerfi kaupsinsins.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 500 þús. kr. innlent lán fyrir Húsavíkurhrepp til að endurnýja rafveitukerfi kaupsinsins í sambandi við rafleiðslu frá Laxárfossum, þó ekki yfir 85% af heildarkostnaði. Ábyrgð ríkisins er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu verði falin manni, sem ráðuneytið samþykkir.

Greinargerð.

Hreppsnefnd Húsavíkurhrepps hefur leitað eftir því, að ríkissjóður vildi ábyrgjast allt að 500 þús. kr. til að endurnýja rafveitukerfi hreppsins. Rafmagnseftirlit ríkisins hefur í vor, sem leið, áætlað þann kostnað 650 þús. kr. Hreppsnefnd kaupsinsins telur sér fært að leggja nú þegar fram til verksins það, sem verður fram yfir hálfa milljón króna.